

Umsögn um Þingskjal 731 — 457. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga,
ótímabundin rekstrarleyfi).

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Sendandi: Guðmundur H Helgason kt.1707647149

Framkvæmdarstjóri og eigandi Sveitasælu ehf kt,5403080120

Rekstraraðili fyrir Núpur Guesthouse í Dýrafirði og Edinborg bistro á Ísafirði

Löglega rekin fyrirtæki eru komin í minnihluta !

Samkvæmt upplýsingum frá Airbnb eru tæpar 4.000 íbúðir eða a.m.k. 8.000 herbergi í boði á landinu, aðeins á þeirra vefsíðu. Einnig hefur komið fram að aðeins 13% þessara aðila hafa tilskilin leyfi. Af þessum tölum má ráða að a.m.k. í Reykjavík er löglegur gistirekstur kominn í minnihluta ef litið er til fjölda herbergja.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tímamörk til að reka heimagistingu með sérstökum ívilnunum séu 90 dagar á ári. Upphaflegt frumvarp gerði ráð fyrir 58 dögum en ekki 90 og engin sérstök rök styðja aukinn dagafjölda. Benda má á að mörg sumarhótel og ferðaþjónustubændur eru opin 90 daga á ári yfir sumarið og því eðlilegt að tímabil heimagistingar sé styttra til að gæta að samkeppnisstöðu þeirra sem eru í hefðbundnum rekstri. **Ég geri athugasemd við þetta og legg til að leyfið verði í 8 vikur og í samræmi við það sem tíðkast víða erlendis,**

Aðilar sitji við sama borð þegar kemur að fasteignagjöldum

Þá tel ég eðlilegt að heimagisting geti ekki farið fram samtímis í tveim eignum sem skráðar eru á sama aðila þrátt fyrir að tvær eignir geti verið í boði. Hugmyndin með breytingunum er að viðkomandi leigusali hafi fast aðsetur í annarri eigninni annars er um hreina atvinnustarfsemi að ræða og því eðlilegt að greidd séu fasteignagjöld í samræmi við það. Það er afar hófleg krafa að allir rekstraraðilar sitji við sama borð varðandi skattlagningu.

Tækifærisleyfi háð skilyrðum

Eins og frumvarpið er sett fram getur hver sem er fengið tækifærisleyfi til að framreiða og selja veitingar til fjölda manna og án allra skilyrða. ,Eg tel æskilegt að við útgáfu tækifærisleyfa verði sett skilyrði um að sala veitinga tengdu leyfinu verði í höndum aðila með gilt rekstrarleyfi og sem hefur hlotið jákvæða umsögn eftir því sem við á. Skilyrði sem þetta er til þess fallið að auka öryggi viðskiptavina og koma í veg fyrir undanskot.

Því legg ég til að Við 2. mgr. 17 gr. bætist eftirfarandi málslíður:

Matvælaframleiðslu tengdri tækifærisleyfi og seld neytanda skal sinnt af aðila sem er með gilt rekstrarleyfi og hefur hlotið jákvæða umsögn heilbrigðiseftirlits.“